UMHVERFISSTEFNA
SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS

FORMÁLI

Sjálfbær þróun er þróun sem mætir okkar þörfum án þess þó að skerða möguleika komandi kynslóðar á að mæta sínum þörfum.

Brundtlandsnefndin, 1987.

Sveitarfélagið Ölfus er eitt víðfeðmasta og auðlindaríkasta sveitarfélag landsins og með skýrri stefnu í umhverfismálum verður sveitarfélagið áfram eftirsóknarvert til búsetu. Í sameiningu taki stjórnendur og íbúar ábyrgð og verði til fyrirmyndar á þessu sviði.

Sveitarfélagið vill tryggja að þau lífsgæði sem felast í umhverfinu skerðist ekki fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

Með aðgengilegri umhverfisstefnu er íbúum og starfsmönnum Sveitarfélagsins Ölfuss gert auðveldara að ná í sameiningu, tilteknum fyrirfram ákveðnum, markmiðum á sviði umhverfismála.

MARKMIÐ

Sýn Sveitarfélagsins Ölfuss er að þar verði sátt um stefnu sem gerir ráð fyrir að náttúran og umhverfið sé tekið með inn í heildarmyndina. Slík heildarmynd gerir íbúum grein fyrir þeim áhrifum sem þeir geta haft á umhverfi sitt og hvernig þeir geta stuðlað að sjálfbærri þróun. Umhverfisstefna er tæki sem allir geta tileinkað sér og haft til hliðsjónar þegar teknar eru ákvarðanir er varða umhverfi okkar.

UMHVERFI OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

SJÁ SKAL TIL ÞESS AÐ ALLIR Í SAMFÉLAGINU HAFI GREIÐAN AÐGANG AÐ FRÆÐSLU UM HVERNIG HÆGT SÉ AÐ AUKA JÁKVÆÐ ÁHRIF ÍBÚA Á UMHVERFI SITT.

- Umhverfisstefnan skal vera sýnileg og verði markmið hennar og tilgangur kynnt íbúum og starfsfólki í öllum þeim miðlum sem Sveitarfélagið Ölfus hefur aðgang að.
- Íbúum og öllum fastráðnum starfsmönnum, sem og sumarstarfsfólki, ber að kynna sér stefnuna og hafa hana að leiðarljósi í daglegri starfsemi.
- Stjórnendur, starfsmenn og íbúar sveitarfélagsins vinni stöðugt að úrbótum á sviði umhverfismála.
- Í stofnunum sveitarfélagsins skulu starfsmenn og nemendur vera vel upplýstir um stefnu sveitarfélagsins og hvernig mögulegt sé að auka jákvæð umhverfisáhrif af völdum manna.
- Greint skal frá stöðu mála og árangur metinn á hverju ári af skipulags-, bygginga- og umhverfisnefnd og skal nefndin skila af sér skýrslu sem skal vera aðgengileg almenningi.

SKIPULAGSMÁL

VIÐ ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS SKAL GILDANDI UMHVERFISSTEFNA HÖFÐ TIL HLIÐSJÓNAR OG ÁKVARÐANIR TEKNAR MEÐ SJÁLFBÆRA ÞRÓUN Í HUGA.

- Í aðal- og deiliskipulagi skal ávallt standa vörð um lífríki, náttúru- og menningarverðmæti. Einnig verði hugað að þeim áhrifum sem mismunandi landnýting hefur á nærliggjandi svæði.
- Auka skal meðvitund íbúa um nærumhverfi sitt og þeir hvattir til virkrar þátttöku í skipulagsvinnu sveitarfélagsins.
- Með skipulagi sveitarfélagsins skal miðað að því að íbúum líði vel, umhverfið sé snyrtilegt og heildarímynd Ölfuss verði til fyrimyndar.

ATVINNULÍFIÐ

ÓSNORTIN NÁTTÚRA ER TAKMÖRKUÐ AUÐLIND OG ÞVÍ ÞURFA FYRIRTÆKI, STOFNANIR OG FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR AÐ VERA MEÐVITAÐIR UM ÞAU SPOR SEM SKILIN ERU EFTIR Í NÁTTÚRUNNI.

- Stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki á svæðinu skulu vera til fyrirmyndar á sviði umhverfismála. Með „grænni hugsun“ og fjárfestingu í tækni sem er minna mengandi og með betri orkunýtingu skal stuðla að sjálfbærri þróun í sveitarfélaginu.
- Stefnt skal að því að fyrirtæki í einkaeigu og stofnanir setji sér opinbera umhverfisstefnu sem og áætlun um eftirfylgni. Mikilvægt er að fyrirtækin sjái bæði fjárhagslegan og samfélagslegan hag sinn í því að vinna eftir umhverfisstefnu.
- Kanna þarf þolmörk ferðamannastaða sveitarfélagsins svo að sem flestir geti notið gæða náttúrunnar um ókomna framtíð.
- Tryggja þarf að orka sé nægjanleg bæði fyrir íbúa sem og atvinnulíf sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið, stofnanir og fyrirtæki skulu leitast við að nota endurnýjanlegar auðlindir í starfsemi sinni og við innkaup skulu umhverfissjónarmið höfð að leiðarljósi.

UMGENGNI OG VARÐVEISLA LANDGÆÐA OG LÍFRÍKIS

MEÐ AUKINNI UMHVERFISFRÆÐSLU SKAL STUÐLA AÐ UMGENGNI, ÞANNIG AÐ HVORKI SPILLIST LÍF EÐA LAND NÉ MENGIST SJÓR, VATN EÐA ANDRÚMSLOFT. STANDA SKAL VÖRÐ UM LÍFFRÆÐILEGAN FJÖLBREYTILEIKA UMHVERFISINS. MIKILVÆGT ER AÐ ALLIR ÍBÚAR OG FERÐAMENN HAFI JAFNAN AÐGANG AÐ HELSTU NÁTTÚRUPERLUM ÖLFUSS.

- Með ítarlegri fræðslu til stjórnenda, starfsfólks og íbúa er komið í veg fyrir að óafturkræfar og óæskilegar breytingar á umhverfinu eigi sér stað. Standa skal vörð um líffræðilegan fjölbreytileika innan sveitarfélagsins.
- Ávallt skal bera virðingu fyrir umhverfinu. Þá skal jafnframt kynna verðmæti og gildi náttúrunnar fyrir íbúum og gestum.
- Tryggja skal öllum íbúum og ferðamönnum greiðan og öruggan aðgang að útivistarperlum, svo sem að strönd og fjöru.
- Græn og opin svæði verði reglulega yfirfarin og þeim vel við haldið.
- Viðhalda skal vatns- og hafgæðum sveitarfélagsins og skal umgangast þau svæði af nærgætni og vernda gegn hvers konar mengun.
- Með skógrækt og landgræðslu skal stuðlað að aukinni skjólmyndun sem eykur lífsgæði íbúa sveitarfélagsins og hvetur einnig til aukinnar útivistar.
- Með góðri umsjón og eftirliti skal stuðla að verndun náttúru- og menningarminja sveitarfélagsins.

VARNIR GEGN MENGANDI ÁHRIFUM

MIKILVÆGT ER AÐ SVEITARFÉLAGIÐ, ÍBÚAR OG FYRIRTÆKI VINNI SAMAN AÐ ÞVÍ AÐ DRAGA ÚR SORPMAGNI OG ÚTBLÆSTRI FRÁ FARARTÆKJUM. ENDURVINNA OG ENDURNÝTA SKAL MEÐ ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ MINNKA MAGN SORPS SEM FER TIL URÐUNAR. AUKA SKAL VITUND UM GÆÐI OG MIKILVÆGI UMHVERFISINS.

- Takmarka skal alla loftmengun þannig að lífsgæði íbúa skerðist ekki.
- Áhersla verði lögð á umhverfisvænar samgöngur og þannig verði útblástur frá farartækjum minnkaður.
- Aukin áhersla verður lögð á endurnýtingu og endurvinnslu hjá íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins og þannig verði sorp sem fer til urðunar minnkað.
- Huga skal að því að umhverfi og íbúar í nágrenni við ný mannvirki, stofnanir eða fyrirtæki beri ekki skaða vegna sjón-, lyktar- og ljósmengunar.
- Öll hönnun, skipulagning og framkvæmd skal vera í samræmi við umhverfi staðarins og gæta hagsmuna umhverfisins.
- Þar sem því verður við komið skal skoða þann valkost að koma lögnum niður í jörðu svo að sjónræn áhrif af þeim verði sem minnst.
- Takmarka skal mengun frá fráveitukerfi bæjarins og verði innan viðmiðunarmarka mengunarreglugerða og standast kröfur um mengunarvarnir.
- Ljósmengun frá götuljósum skal höfð í lágmarki.
- Umhverfisvænna leiða skal leitað í veitumálum sem í senn uppfylla starfsskilyrði og lög og reglur um veitukerfi.

AUÐLINDIR

Í ALLRI STARFSEMI HJÁ STOFNUNUM OG FYRIRTÆKJUM INNAN SVEITARFÉLAGSINS SKULU UMHVERFISSJÓNARMIÐ HÖFÐ AÐ LEIÐARLJÓSI. SVEITARFÉLAGIÐ SKAL AFLA UPPLÝSINGA UM NÁTTÚRUAUÐLINDIR SVEITARFÉLAGSINS OG ÞÆR UPPFÆRÐAR REGLULEGA MEÐ SJÁLFBÆRA ÞRÓUN AÐ LEIÐARLJÓSI.

- Íbúum og atvinnulífi sveitarfélagsins verði tryggð næg orka; rafmagn, heitt og kalt vatn, bæði til neyslu og rekstrar.
- Stuðla skal að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda, þ.e. grunnvatns, vindorku, jarðvarma, sjávarfalla og vatnsafls.
- Upplýsinga um náttúruauðlindir sveitarfélagsins skal aflað og þær uppfærðar reglulega svo að ákvarðanir er varða auðlindir verði teknar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- Skynsamlega skal staðið að efnistöku og skal efnistakan fara fram í fyrirfram samþykktum námum. Án þess að spilla friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá, ám, vötnum og hverfisverndarsvæðum.
- Á vatnsverndarsvæðum skal gæta ýtrustu varúðar og fara eftir vatnalögum nr. 36/2011 þar sem segir meðal annars að vernda eigi vatn og vistkerfi þess Hindra skuli frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.
- Sparlega skal fara með orkuauðlindir og umgangast þær af nærgætni með sjálfbærni í huga.

SAMGÖNGUR

GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGAKERFI VERÐI VEL SKILGREINT OG SÝNT Á KORTI, SEM EINNIG GEYMIR UPPLÝSINGAR UM NÁTTÚRU- OG MENNINGARMINJAR ÖLFUSS. LÖGÐ SKAL ÁHERSLA Á AUKNA NOTKUN ALMENNINGSSAMGANGNA.

- Sveitarfélagið býr yfir ríkulegum möguleikum hvað varðar hjóla- og göngustíga. Mikilvægt er að þeir málaflokkar verði settir í forgang og með því stuðlað að umhverfisvænni lífsstíl íbúanna, sem dregur úr notkun einkabifreiða.
- Göngu- og hjólreiðastígakerfi skal skilgreina vel svo að það tengi saman græn svæði, íbúðahverfi, atvinnu-, þjónustu og miðbæjarsvæði.
- Reiðleiðir, göngu- og hjólreiðastígar verði vel merktir og sýndir á korti sem er aðgengilegt íbúum og gestum.
- Með góðri markaðssetningu og bættri umhverfisvitund skal leitað leiða til að fjölga notendum almenningssamgangna.

GRÆN HUGSUN

NOKKUR ATRIÐI SEM TRYGGJA GÓÐA UMHVERFISVITUND

- Útivist til að njóta náttúrunnar.
- Gengið til og frá vinnu eða skóla.
- Hjólreiðar til og frá vinnu eða skóla.
- Flokkun úrgangs í samræmi við stefnu sveitarfélagsins.
- Flokkun á rusli skilað á gámasvæði.
- Gefa fatnað í Rauðakross gáma.
- Endurvinnsla á plasti með skilagjaldi.
- Gróðursetning í einkalóðum og sameiginlegum gróðurreitum.
- Nota göturuslatunnur.
- Spara vatn og rafmagn.
- Eiturefnalaus hreinsiefni.
- Samvinna íbúa við stofnanir sveitarfélagsins.
- Vera fyrirmynd annarra ekki síst barna og ungmenna.

Náttúran á sér sinn rétt og hefur mikla þýðingu þar sem hún styrkir félagslega og efnahagslega þróun um allan heim. Auk þess er lítt snortin náttúra og ómengað umhverfi lykill að heilbrigði manna, velferð og lífsgæðum.

(Helen Bjørnøy)

SVEITARFÉLAGIÐ
ÖLFUS
Lifandi sveitarfélag